



Reykjavík, 26. ágúst 2024

USK24060417

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarlandsins

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 26. júní 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er eftir stuttri greinargerð um almenningssalerni í Reykjavík. Þar komi m.a. fram upplýsingar um staðsetningu, afgreiðslutíma og ástand slíkra salerna. Af hverju eru sjálfvirk salerni (turnar) víðast hvar óvirk og lokuð, t.d. í Hljómskálagarðinum?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins, dags. 14. ágúst 2024.

### Svar:

Upphaflega voru 7 virkir almenningssalernisturnar í miðborg Reykjavíkur:

- Hlemmur
- Vegamótastígur
- Frakkastígur
- Mæðragarður
- Ingólfstorg
- Tryggvagata
- Hljómskálagarður

Turnar á Vegamótastíg og Tryggvagötu fóru niður með endurbótum á þeim svæðum og ekki var gert ráð fyrir því að þeir færu upp aftur þar sem viðkomandi svæði voru gjörbreytt. Rafmagn var tekið af turni á Frakkastíg vegna framkvæmda á svæðinu og á eftir að tengja það aftur þegar þetta er skrifað.

Það eru því 5 slíkir turnar í Reykjavík, en þar af hefur salernisturn í Hljómskálagarði ekki verið virkur í lengri tíma og ekki hefur fundist lausn á því að koma honum í lag aftur.



Reykjavík



Aðrir salernisturnar eiga að vera í lagi og er skrifstofa borgarlandsins með verktaka í vinnu við að halda þeim opnum og bregðast við ef eitthvað þarf að laga.

Almenningssalerni í miðborg loka í um 2-3klst yfir nótt milli kl 01:00-04:00 á meðan þau eru að endurræsa sig.

Virðingarfyllst,  
Hjalti J. Guðmundsson  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa borgarlandsins*



**Reykjavík**